



22.04.2024

Ágæti læknir

Markaðsleyfishafi Elvanse Adult í samráði við Lyfjastofnun vilja minna á eftirfarandi varðandi notkun lyfsins:

Í ljósi umræðunnar um rétta notkun lyfsins Elvanse Adult viljum við árétta að á www.serlyfjaskra.is er að finna eftirfarandi öryggis- og fræðsluefni um lyfið:

- Fylgibréf til lækna
- Gátlisti 1 fyrir lækna- áður en lyfinu er ávísað
- Gátlisti 2 fyrir lækna- áframhaldandi eftirlit
- Tafla fyrir lækna – eftirlit með sjúklingum
- Öryggisupplýsingar fyrir sjúklinga

SmPC og fylgiseðill er einnig aðgengilegt á www.serlyfjaskra.is.

Við hvetjum þig til að kynna þér þessi gögn og notfæra þér. Mikilvægt er að fylgja þeim fyrirmælum sem koma fram í fræðsluefninu varðandi mat á sjúklingi við upphaf meðferðar ásamt eftirfylgni sem þarf að sinna við meðferð.

Tilkynningar

Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu til Lyfjastofnunar samkvæmt leiðbeiningum á vef stofnunarinnar, sjá www.lyfjastofnun.is eða í gegnum vefeyðublað sem er að finna í Sögu (Tilkynning um aukaverkun).

Viðtakendur bréfsins eru: Geðlæknar fyrir fullorðna, taugalæknar, deildarlæknar á geðdeildum fyrir fullorðna og heimilis-/heilsugæslulæknar. Viðtakendur eru hvattir til að láta aðra heilbrigðisstarfsmenn vita um efni bréfsins eftir því sem við á.

Hafðu samband við david@vistor.is ef þú vilt panta nokkur eintök af fræðsluefninu.

Bestu kveðjur

Davíð Ingason

Deildarstjóri